

LÖG

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðast svo: til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfbóðaliðasamtök sem hafa björgun mannlífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
- b. Í stað orðanna „og 7. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
- c. Í stað orðanna „7. tölul.“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.

2. gr.

Í stað orðanna „7. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 7. og 8. tölul.

3. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 1. másl. 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: 4. mgr.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögnum, sbr. lög nr. 126/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum, sbr. lög nr. 136/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald, kr.
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.